

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 1989-2009, jarðgöng milli Hnífsdals og Bolungarvíkur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. apríl 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 1989-2009 frá 31. október 1990.

Breytingin felst í breyttri legu þjóðvegjar 61 við Hnífsdal auk þess sem aðalskipulagsuppdráttur stækkar út fyrir núverandi skipulagsmörk og nær þannig að sveitarfélagamörkum við Bolungarvík. Gert er ráð fyrir nýju vegstæði á um 2,5 ha landfyllingu neðan við byggðina í Hnífsdal og svo áfram í jarðgöngum þegar komið er út fyrir byggð að sveitarfélagamörkum við Bolungarvík. Alls eru jarðgöngin frá Skarfaskeri í Hnífsdal að Ósi í Bolungarvík um 5130 m löng og er land á svæðinu að mestu skilgreint sem óbyggt svæði. Óþið svæði til sérstakra nota við Hnífsdal (hesthúsabyggð) minnkar og breytist í óbyggt svæði og 1,5 ha efnistökusvæði. Þar er gert ráð fyrir þjóðvegi 61 ásamt gangamunna.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 7. apríl 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.